


## SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Lóðarmörk
- Byggingarreitur
- 00 st — Bílastæði - fjöldi
- g — kvöð um gönguleið
- 0 h — Fjöldi hæða
- 00000 — Lóðarstærð í m²
- 0 — Húsnúmer
- Núverandi hús



Hluti af aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012

## KÁRSNESBRAUT 102

**Greinargerð:**

Deiliskipulagstillagan felur í sér stækkun á byggingareit til norðurs og austurs.
Á neðri hæð skal vera (iðnaðar) og skrifstofuhúsnæði en á efri hæð skulu vera íbúðir.
Núverandi bygging er 731.7 m²
Lóðarstærð er 1450 m²

**Skilmálar:**

Byggingarreitur er sýndur á skipulagsuppdrætti.
Innan byggingarreits er heimilt að byggja íbúðarhúsnæði, allt að 3 íbúðir, þ.a. 2 íbúðir með breytingu á núverandi húsnæði í íbúðarhúsnæði.
Hámarks byggingarhæð er 10 metrar, frá gólfkóta 1. hæðar.
Þó skal heimilt að byggja 40 m² glerhýsi í allt að 12 metra hæð.
Hámarks nýtingarhlutfall 0,85.
Fjöldi bílastæða á lóð: 17 stæði.

**Ferill málsins.**

Tillagan var lögð fram og samþykkt í bæjarráði Kópavogs 10. ágúst 2006 og skipulagsstjóra falið að auglýsa hana í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
Tillagan var aulýst frá 21. ágúst 2006 til 18. september 2006 með athugasemdarfresti til 2. október 2006.
Tillagan var auglýst í Fréttablaði föstudaginn 18. ágúst 2006 og í Lögbirtingarblaðinu 21. ágúst 2006.
Á fundi skipulagsnefndar 3. október 2006 er erindið lagt fram að nýju.
Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu og vísar henni til afgreiðslu bæjarráðs.
Á fundi bæjarráðs Kópavogs 5. október 2006 var tillagan samþykkt.
Á fundi skipulagsnefndar 17. október 2006 var lögð fram athugasemd dags. 22. september 2006.
Athugasemdin barst bæjarskrifstofum Kópavogs þann 26. september 2006 en barst eigi skrifstofu Bæjarskipulags Kópavogs fyrr en 9. október 2006.
Skipulagsnefnd endurupptekur málið og felur bæjarskipulagi að taka saman umsögn varðandi innsenda athugasemd.
Á fundi skipulagsnefndar 7. nóvember 2006 var erindið lagt fram að nýju ásamt umsögn bæjarskipulags dags. 1. nóvember 2006 og erindinu frestað og skipulagsstjóra falið að vinna að málinu eins og fram kom á fundinum.
Á fundi skipulagsnefndar 6. mars 2007 er erindið lagt fram að nýju ásamt umsögn Almennu verkfræðistofunnar um innsendar athugasemdir við auglýsingu á hugmyndum að framtíðarskipulagi á Kársnesi.
Skipulagsnefnd ítrekar fyrri afstöðu og samþykkir framlagt erindi og vísar því til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.
Erindi og ofangreind umsögn Almennu verkfræðistofunnar og umsögn bæjarskipulags dags. 1. nóvember 2006 var samþykkt í bæjarráði 8. mars 2007.
Á fundi bæjarstjórnar 27. mars 2007 var erindið samþykkt.

Kópavogi 27. mars 2007.

Smári Smárason, skipulagsstjóri




Sneiðing A-A í gegnum núverandi land. Mkv. 1:500

Bæjarskipulag Kópavogs

Deiliskipulag byggir á tillögum og hugmyndum Guðjóns Bjarnasonar arkitekts.

**ARKÍS**
arkitektar og ráðgjafar


| | | |
|---|---|---|
| Aðalsteinn Snorrason | arkitekt faí | 161161-2769 |
| Birgir Teitsson | arkitekt faí | 020460-4589 |
| Egill Guðmundsson | arkitekt faí | 270152-6869 |
| Gísli Gíslason | arkitekt faí | 160657-4809 |
| Þorvarður L. Björgvinsson | byggingafræðingur bfí | 250572-3529 |

Arkís ehf, sími 511 2060 — Aðalstræti 6, fax 511 2066 — 101 Reykjavík, www.ark.is — kt 671197-2919, netfang arkis@ark.is


Verkefni: Kársnesbraut 102
Tillaga að deiliskipulagi
Skýringartexti: Deiliskipulagsuppdráttur
hannað / teiknað: hi
yfirfarið / samþykkt: Yfirfarið
mælikvarði: 1:1000 = A2

dagsetning: 20.02.2006
verknr.: 05-113

(99) 1.01
teikning breyting

Skjal sótt af '0000000000' dags. 18.08.2026